



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um fjölda lóðaúthlutana undir einbýli, raðhús og parhús sl. 3 ár

Á fundi borgarráðs þann 3. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Óskað er upplýsinga hve mörgum lóðum undir einbýli, raðhús og parhús hafi verið úthlutað á þessu kjörtímabili, þ.e. síðustu 3 ár.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10.06.2021.

Svar við fyrirspurn:

Lítill eftirspurn hefur verið eftir sérbýlishúsalóðum á undanförunum árum en til marks um það voru lóðarleiguréttindi á 37 af 57 sérbýlishúsalóðum í nýju hverfi í Úlfarsárdal úthlutað í útboði hinn 4. maí 2018, 19. september 2018 og 29. ágúst 2019. Lóðirnar sem eftir stóðu í kjölfar útboðs þann 29. ágúst 2019 voru settar á fast verð á lóðavefsíðu. Fram til haustsins 2020 var lítill eftirspurn eftir lóðunum, flest lóðarleiguréttindi á sérbýlishúsalóðunum sem settar voru á fast verð var úthlutað veturinn 2020-2021, síðasta úthlutunin var 25. mars sl.

Frá 1. júní 2018 hefur Reykjavíkurborg því úthlutað 31 einbýlishúsalóð, 14 raðhúsalóðum (48 íbúðir), 2 parhúsalóðum (4 íbúðir) og 10 tvíbýlishúsalóðum (20 íbúðir), sjá hjálagt yfirlit.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Byggingarfulltrúa voru á árunum 2018 - 2020 gefin út 213 byggingarleyfi fyrir einbýlishús, raðhús, tvíbýlishús og fjölbýlishús, fyrir samtals 3.437 íbúðir. Af nýjum íbúðum voru 39 íbúðir í einbýlishúsum, 30 í tvíbýlishúsum, 30 í raðhúsum og 3.338 íbúðir í fjölbýlishúsum.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Yfirlit yfir úthlutaðar einbýlishúsalóðir, rað-, par- og tvíbýlishúsalóðir frá 1. júní 2018 til 1. júní 2021.

Einbýli	Dags. úthlutunar	Raðhús	Dags. úthlutunar	Parhús	Dags. úthlutunar	Tvíbýli	Dags. úthlutunar
Urðarbrunnur 15	12.7.2018	Silfratjörn 20-24	25.9.2018	Urðarbrunnur 10-12	21.1.2019	Iðunnarbrunnur 10	13.12.2018
Urðarbrunnur 42	12.7.2018	Silfratjörn 26-32	30.10.2018	Friggjarbrunnur 31-33	29.5.2020	Iðunnarbrunnur 11	19.9.2018
Urðarbrunnur 30	5.9.2018	Jarpstjörn 13-17	16.11.2018			Iðunnarbrunnur 15	16.11.2018
Úlfarsbraut 14	9.7.2020	Silfratjörn 6-12	13.12.2018			Iðunnarbrunnur 16	22.11.2018
Urðarbrunnur 32	14.9.2018	Jarpstjörn 6-14	15.10.2019	Samtals	2	Gefjunarbrunnur 16	16.11.2018
Gerðarbrunnur 9	26.9.2018	Bergþórugata 18	13.12.2019			Gefjunarbrunnur 18	22.11.2018
Sifjarbrunnur 28	26.9.2018	Rökkvatjörn 5-11	28.9.2020			Gefjunarbrunnur 15	15.10.2019
Gerðarbrunnur 1	27.9.2018	Silfratjörn 11-15	4.11.2020			Gefjunarbrunnur 14	22.11.2018
Gerðarbrunnur 3	8.11.2018	Rökkvatjörn 10-16	16.11.2020			Gefjunarbrunnur 11	29.5.2020
Starhagi 1	8.11.2018	Silfratjörn 5-9	16.11.2020			Gefjunarbrunnur 6	8.11.2018
Urðarbrunnur 16	8.11.2018	Silfratjörn 14-18	29.11.2020			Samtals	10
Urðarbrunnur 19	4.2.2021	Jarpstjörn 5-11	4.1.2021				
Urðarbrunnur 96	19.11.2018	Jarpstjörn 19-27	4.1.2021				
Gerðarbrunnur 50	21.1.2019	Jarpstjörn 16-20	22.3.2021				
Gerðarbrunnur 46	1.10.2019						
Gerðarbrunnur 7	15.10.2019						
Urðarbrunnur 21	28.9.2020	Samtals	14				
Urðarbrunnur 34	15.10.2019						
Urðarbrunnur 80	15.10.2019						
Urðarbrunnur 98	19.11.2019						
Sifjarbrunnur 30	11.12.2019						
Sifjarbrunnur 7	17.12.2019						
Urðarbrunnur 3	13.2.2020						
Urðarbrunnur 13	26.5.2020						
Urðarbrunnur 5	15.7.2020						
Urðarbrunnur 46	16.9.2020						
Gerðarbrunnur 52	13.10.2020						
Sifjarbrunnur 32	1.11.2020						
Urðarbrunnur 20	14.1.2021						
Urðarbrunnur 94	4.mar.21						
Gerðarbrunnur 48	29.1.2021						
Samtals	31						